

# Heimisdagur barna

laugardaginn 24. apríl



Barnamenningarhátíð í Reykjavík 2010

## Í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi og frístundamiðstöðinni Miðbergi

Listsmiðjur tengdar litríkri menningu ýmissa þjóða standa frá kl. 13-16  
Skemmtidagskrá frá kl. 16 -17

### LISTSMIÐJUR

#### Miðberg

##### Indiánasmiðja

Geronimo! Förum í indiánaleik og búum til höfuðskraut með fjöðrum og kögurbelti að hætti indiána.  
Umsjón: Guðmunda Óskarsdóttir

##### Filippísk danssmiðja

Frá kl. 13:00-14:30

Á Filippseyjum er rík danshefð og er dansað við öll tækifæri. Með Aimee lærum við nokkur létt spor og dónsum nútímadans undir fjölbreyttri filippeyskri tónlist. Umsjón: Aimee Sambajon

##### Hiphop og break danssmiðja

Frá kl. 14.30-16:00

Lærðu nokkur vel valin spor við taktfasta hiphop tónlist. Þessi vinsæli götudans þróaðist á götum New York borgar á 8. og 9. áratugnum.  
Umsjón: Uldarico Rafael De Luna

##### Tilraunasmiðja

Jón Víðis, töframaður, kynnir okkur einfaldar tilraunir sem hægt er að gera á sjálfum sér með ódýrum hjálpargögnum sem finnast á heimilinu. Er hægt að knýja áfram bát með sápu! Hvernig finnur maður blinda blettinn í auganu! Umsjón: Jón Víðis Jakobsson

##### Flugdrekasmiðja

Flugdrekar voru afar vinsælir meðal barna í gamla daga og nú verður hægt að rifja upp gömlu taktana og gera sinn eigin flugdreka.  
Umsjón: Björn Finnsson

##### Stuttmyndasýning

Á efri hæð Miðbergs verður sýnd stuttmynd sem unnin var af börnun í frístundaheimilinu Bakkaseli.

#### Gerðuberg efri hæð

##### Vísindasmiðja

Langar ykkur að aðstoða við efnafræðibrellur þar sem tilraunaglós og dularfullir vökvar koma við sögu? Kannski fylgir ein sprenging í kjölfarið! Vitið þið af hverju eldfjöllin gjósa og hvort hægt sé að búa til vél sem nær ljóshraða?  
Umsjón: Vísindavefurinn og Sprengjugengið

##### Fuglasmíðja

Áttu þér uppháldsflug? Í smíðunni búum við til fuglagrímur og tókum þátt í getraun um fugla og búsvæði þeirra þar sem vegleg verðlaun verða í boði fyrir unga fuglaskoðara. Innan tíðar verða til ungr fuglaáhugamenn sem búa yfir ýmsum fróðleik um fuglalíf landsins!  
Umsjón: Jakob Sigurðsson / Fuglavernd

##### Leikhússmiðja

Ferðumst til framandi landa og klæðumst búningum hvers lands. Þar gætum við þurft að kljást við óvini og óargadýr, bjarga prinsessum úr háska og lent í ýmsum ævintýrum.  
Umsjón: Pétur Eggerz og Alda Arnardóttir / Möguleikhúsið

##### Origami til heimsfríðar

Í Japan er það trú manna að takist að búa til 1000 trönur (fuglar - sembazuru) muni það lækna öll mein. Japanska stúlkan, Sadako, greindist með hvítbæði en í stað þess að óska sér bata ákvað hún að óska sér heimsfríðar. Leggjum okkar af mörkum og stefnum að því að brjóta saman svo margar trönur og stuðlum í sameiningu að friði á Heimsdegi barna!  
Umsjón: Tómas Lee Róbertsson

#### Bókasafn

#### Gerðuberg neðri hæð

##### Klippimyndasmiðja

Finnst þér skemmtilegt að fönðra? Prinsessur með fjaðraskúf, fljúgandi kisur, bleikar risaeðlur og alls kyns furðudýr frá öllum heimsins hornum verða til í klippimyndasmiðjunni. Umsjón: Kristín Arngrímsdóttir

##### Hljóðfærasmíðja

Búum til okkar eigin hljómsveit í anda Ríkisins, sem var fyrsti tónlistarkennarinn á Íslandi sem sögur fara af! Tónlistarhópurinn Spilmenn Ríkisins kynna fyrir okkur íslensk þjóðleg hljóðfæri sem fólk spilaði á í gamla daga. Síðan getið þið prófað að búa til og spila á ykkar eigin hljóðfæri í smíðunni.  
Umsjón: Pamela De Sensi. Tónlistarflutningur: Spilmenn Ríkisins

##### Tónsmíðja frá framandi heimi

Búum til tónlist í anda frumbyggja Ástralíu og annarra þjóða með því að prófa t.d. didgeridoo, arabískar og afrískar trommur, ýmis blásturshljóðfæri og sjálfa söngroðdina. Smíðjugestir skapa eigið tónverk sem hljóðritað verður og sett á vef Gerðubergs.  
Umsjón: Guðni Franzson, Áskell Másson og Buzby Birchali

## Skemmtidagskrá frá kl. 16 -17

**Sprengigengið** verður með háskasýningu með efnabrellum og ógurlegum sprengingum sem kitla hlustinar.

**Spilmenn Ríkisins** spila á langspil, hörpu og fleiri gömlu íslensk hljóðfæri og fá aðstoð upprennandi hljóðfæragerðarmanna.

##### Fallhlífarleikir á Markúsartorgi

Jón Víðis töframaður ásamt starfsmönnum frístundaheimilanna fara í leiki þar sem notast er við risastóra fallhlíf. Leikið er með boltum, farið í feluleik, hlaupið í hringi og fleira skemmtilegt.



# Allir velkomnir!